

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015, Nesjar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna, breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Breytingin felst í því að landbúnaðarland, 3,5 ha, sem tilheyrir landi Nesja í Grafningi, verður tekið undir eina sumarbústaðalóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Þingvallahrepps gerir ekki athugasemd við breytinguna og Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 4. október 1999.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015, Búrfell og Snæfoksstaðir.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna, breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsness- og Grafningshreppa 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Um er að ræða breytingu á landnotkun á jörðunum Búrfelli I og II þar sem landbúnaðarsvæði er breytt í sumarbústaðasvæði. Annars vegar er um að ræða viðbót við fyrirliggjandi sumarbústaðasvæði en hins vegar nýtt svæði. Á Snæfoksstöðum er landnotkun breytt á fimm stöðum úr landbúnaðarlandi í sumarbústaðasvæði. Þrjár staðanna eru norðan við veg nr. 35 en tveir sunnan við. Sunnan vegar verða lóðir 17 talsins, en norðan vegar 24 lóðir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Þingvallahrepps gerir ekki athugasemd við breytinguna og Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 4. október 1999.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*